

**AUGLÝSING**  
**um breytingar á váttryggingarfjárhæðum**  
**lögmaeltra ökutækjatrýgginga.**

1. gr.

Samkvæmt ákvæði 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 4. mgr. 91. gr. sömu laga verði 1.750 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 270 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt ákvæði 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. ákvæði 5. mgr. 91. gr. sömu laga, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka skv. 1.-3. mgr. 92. gr. verði 134 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu váttryggingartaka skv. 2. másl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 392/2003, um lögmaeltar ökutækjatrýggingar, er 242.000 kr. fyrir einstakling og 1.212.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu skv. 3. másl. 3. mgr. 4. gr. er 61.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.  
Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatrýggingar, nr. 591 frá 20. júní 2005.

*Viðskiptaráðuneytinu, 22. júní 2007.*

**Björgvin G. Sigurðsson.**

---

*Kjartan Gunnarsson.*